

Er öll hamingjan í þessu fólgin? Fáeinum tilslökunum við metnaðarhug mannanna? Vitaskuld hefir hann næma og innilega ánægju af starfi sínu, uppgötvunum sínum, aðdánlegum skýringum sínum, en stundum er heilinn þreyttur. Það er Protevs-hugurinn einn, sem stöðugt fær fögnuð sinn endurnýjaðan. En eru kryplingar með nokkurt tilfinninga-tildur? Blessaður vertu, Claude Charlin, þú ert orðinn mikill maður og það ætti að vera þér nóg. Eini fögnuðurinn, sem áhyggjufull sál þín getur veitt viðtöku, er sá að finna sjálfa sig lyftast upp einstöku sinnum, þegar einhver móðir-in tekur í hendina á þér við rúmið barnsins hennar; þú hefir bjargað því úr dauðans greipum, — og hún kyssir á hendina á þér og þú finnur hlýjuna aukast við það, að tár kemur á höndina. Blæði hjarta þínu eins og í æsku, finnur þú einhverja mikla auðn í huga þínum — gott og vel, þá lýkur þú upp þessum stóru bókum í einhverju horni í bókhöllu þinni og fer að vinna. Þetta varð úr draumunum og svona leið rökkrið.

II.

„Nei, læknir, eg hefi ekki hug til að segja henni það. Gerið þér það fyrir mig, að segja henni það sjálfur. Blessað barnið mitt! Þér vit-ið það með vissu, alveg með vissu, að hún verður alt af fötluð? —“

„Því miður, eg veit það alveg með vissu, frú mín góð. Eins og eg sagði yður, er engin hætt á, að nauðsyn beri til þess að taka fótiinn af. En þó